

24. mars 2022

2203085

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
nefnasvid@althingi.is

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vísitölu neysluverðs (vísitala neysluverðs án húsnæðis), 279. mál.

Með tölvupósti, dags. 10. mars sl., óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vísitölu neysluverðs nr. 12/1995, með síðari breytingum (vísitala neysluverðs án húsnæðis).

Seðlabanki Íslands hefur margsinnis í gegnum tíðina veitt umsagnir um sams konar eða keimlík mál þar sem afstaða Seðlabankans til húsnæðisliðar vísitölu neysluverðs er tíunduð og lagt fram ítarefni í þeim efnum. Almennt er því vísað til þeirra sjónarmiða sem fram koma í þeim umsögnum. Af þeim má einkum nefna umsögn sem Seðlabankinn veitti 2. desember 2020 um frumvarp sem lagt var fram á 151. löggjafarþingi, 38. mál (sjá fskj. 1). Umsögn sem veitt var 9. október 2019 um frumvarp sem lagt var fram á 150. löggjafarþingi, 13. mál, auk umsagnar sem bankinn veitti 4. október 2018 um frumvarp sem lagt var fram á 149. löggjafarþingi, 16. mál (sjá fskj. 2). Í síðastgreindri umsögn var vísað í ýmsar fyrri umsagnir Seðlabankans um sambærileg mál og annað ítarefni þar sem afstaða Seðlabankans til húsnæðisliðar vísitölu neysluverðs hefur komið fram.

Sérstaklega er áréttað að vísitölu neysluverðs er eðli máls samkvæmt ætlað að mæla og gefa rétta mynd af þróun á verðlagi einkaneyslu. Slíkar mælingar verða ómarktækar nái frumvarpið fram að ganga enda gengur tillagan út á að skekkja mælingu verðlags. Auk þess er kostnaður heimila vegna eigin húsnæðis og húsaleigu stór hluti af útgjöldum þeirra og mikilvægt að grunnur vísitölu neysluverðs endurspegli sem breiðast safn útgjalda. Þá hefur verið sýnt fram á að vísitala neysluverðs verður

sveiflukenndari ef húsnæðisliðnum er sleppt.¹ Jafnframt er áréttað að ekki fæst séð hvernig tillagan geti samrýmt sjálfstæði Hagstofu Íslands til hagnælinga og alþjóðlegum skuldbindingum Íslands í þeim efnunum. Þá er til þess að líta að samkvæmt niðurstöðum nefndar sem stofnuð var til að skoða aðferðafræði við útreikning á vísitölu neysluverðs er aðferðafræðin við útreikning á húsnæðislið vísitölunnar í samræmi við alþjóðleg viðmið um þennan þátt og aðstæður hér á landi (sjá forskj. 3).

Með vísan til framangreinds, þ.m.t. þeirra sjónarmiða og ítarefnis sem Seðlabankinn hefur áður komið á framfæri í umsögnum um samskonar eða sambærileg mál, leggst Seðlabanki Íslands eindregið gegn þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Ásgeir Jónsson,
seðlabankastjóri

Fskj.

1. *Umsögn Seðlabanka Íslands, dags. 2. desember 2020 (38. mál), ásamt fylgiskjali.*
2. *Umsagnir Seðlabanka Íslands, dags. 9. október 2019 (13. mál) og 4. október 2018 (16. mál), ásamt fylgiskjölum.*
3. *Aðferðafræði við útreikning vísitölu neysluverðs, skýrsla nefndar frá júní 2020.*

¹ Sjá í þessum efnunum skýrslu sérfræðingahóps frá fjármálaráðuneytinu, Hagstofu Íslands og Seðlabanka Íslands, sem fjallaði um húsnæðisverð í vísitölum, verðtryggingu og verðbólguþolmið, sem lögð var fram á Alþingi af fjármála- og efnahagsráðherra í mars 2019.

